

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 11/1948. **Gunnar Sigurjónsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands f. h.**  
**Verkamannafélagsins Þórs á Selfossi** (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Gunnari Sigurjónssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest, lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnanda fékk þá frest til þess, að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið dómtekið eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan árið 1944. Árin 1944 til vors 1947 var hann fyrst við klæðskeranám, en hvarf alveg frá því og stundaði ýmiskonar verkamannavinnu. Vorið 1947 hóf hann að starfa á gummíviðgerðarverkstæði Kaupfélags Árnesinga og vann hann þar þangað til í síðastliðnum októbermánuði, að undanskildum mánaðartíma, er hann var í byggingavinnu. Við gummíviðgerðirnar fékk hann fyrst lágmarkskaup verkamanna, en síðan fékk hann „gervismiðakaup“ og um tíma í sumar sveinakaup. Nú starfar hann í bifreiðaverkstæði kaupfélagsins og fær „gervismiðakaup“. Stefndi hefur hlotið

venjulega barnafræðslu og verið á iðnskóla eitt ár í sambandi við klæðskeranámið. Annarar skólagöngu hefur hann ekki notið og ekki öðlast nein iðnréttindi né iðnpróf í neinni grein.

Hinn 15. september s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Stefnandi kom á fund þenna. Afhenti hann þá formanni félagsins skriflega inntökubeiðni og bauð fram inntökugjald. Formaðurinn bar beiðni hans þó ekki upp á fundinum og fékk stefnandi ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að fá inngöngu í verkamannafélagið Þór á Selfossi, og hafi það gerzt brotlegt við nefnda lagagrein með því að neita honum um félagsréttindi.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra atvinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið og sé engin heimild til þess að dæma honum félagsréttindi. Þá mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykktu verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, sem verða megi til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona, „ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar annarsvegjar eru virt þessi ákvæði samþykktanna og hinsvegar litið til atvinnu stefnanda, sem að framan er lýst, verður að telja, að hann eigi heima í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum á rétt til inngöngu í verkamannafélagið Þór. Synjun forráðamanns félagsins, um að veita stefnanda félagsréttindi, er því andstæð 1. málsl. 2. gr.

laga nr. 80/1938, og er stefnda samkvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskoruð félagsréttindi, en ekki standa efni til þess, að honum verði dæmd þau frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

#### Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Gunnari Sigurjónssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á gúmmíviðgerðaverkstæði, hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningur um kaup og kjör gúmmíviðgerðarmanna falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

#### Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Sigurjónssonar í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.